



LANDBÓTASJÓÐUR NORÐUR HÉRAÐS

Ársskýrsla 2014

Egilsstaðir, mars 2015

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2014.....	1
3	Framkvæmdir árið 2014.....	2
3.1	Landgræðsluaðgerðir á heiðinni.....	3
3.1.1	Hrafnkelsdalur.....	3
3.1.2	Skænudalur.....	3
3.1.3	Faxahús.....	3
3.1.4	Hallarfjall	4
3.1.5	Laugarvalladalur.....	4
3.1.6	Múli	4
3.1.7	Brú.....	4
3.1.8	Grunnavatnsalda.....	4
3.1.9	Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)	4
3.1.10	Botnahraun / Skollagrenisás.....	4
3.2	Landgræðsluaðgerðir á áreyrum.....	4
3.2.1	Hólmatunga	4
3.2.2	Galtastaðir	4
3.3	Framlag til bænda.....	5
3.4	Kort af framkvæmdum sjóðsins.	5
4	Árangursmat - skipulagning aðgerða.....	11
4.1	Heiðin.....	11
4.1.1	Vorskoðun	11
4.1.2	Haustskoðun.....	14
4.2	Áreyrar	17
4.2.1	Vorskoðun	17
4.2.2	Haustskoðun.....	20
4.3	Bændadreifing	22
5	Framkvæmdaáætlun 2015.....	23
6	Fundargerðir stjórnar 2014.....	24
6.1	Fundargerð 65. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 20.01.2014.....	24
6.2	Fundargerð 66. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 29.01.2014.....	24

6.3	Fundargerð 67. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 07.02.2014.....	25
6.4	Fundargerð 68. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 01.04.2014.....	25
6.5	Fundargerð 69. fundar Landbótasjóðs og ráðgjafanefndar haldinn 30.06.2014. á Skjöldólfsstöðum.....	25
6.6	Fundargerð 70. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs haldinn 04.08.2014. á Skjöldólfsstöðum.....	27
7	Boðsferð stjórnar um uppgræðslusvæði	28
8	Ársreikningur	31

Myndaskrá

Mynd 1:	Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin hafa verið á á vegum sjóðsins.....	1
Mynd 2:	Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.	1
Mynd 3:	Kort af syðstu svæðunum.	6
Mynd 4:	Brú og nágrenni.	7
Mynd 5:	Grunnavatnsalda og nágrenni.	8
Mynd 6:	"Svæði milli vega".	9
Mynd 7:	Áreyrar Jöklu	10
Mynd 8:	Skriða utan Þverár í umsjón unglingahóps.	11
Mynd 9:	Rofabörð á Efri-dal í umsjón unglingahóps.	11
Mynd 10:	Skænuðalur. Búið að breiða 4 sinnum.	12
Mynd 11:	Skænuðalu. Búið að breiða 1 sinni.	12
Mynd 12:	Skænuðalur. Sami staður og síðasta mynd.	12
Mynd 13:	Skænuðalur. Víðikræður í umönnun. Ljós.	12
Mynd 14:	Faxasvæðið. Víða komið vel af stað.....	12
Mynd 15:	Laugarvalladalur við laug. Ekkert gert þarna undanfarin ár.....	12
Mynd 16:	Laugarvalladalur við mynni Vesturdals. Núverandi uppgræðslusvæði.....	13
Mynd 17:	Laugarvalladalur nærmynd. Svæðið sandorpið með meltorfum og gisnum víði. ...	13
Mynd 18:	Múli. Víða góður árangur af unglingastarfi.....	13
Mynd 19:	Múli. Eitthvað þó óunnið en hálfnað þá hafið er... ..	13
Mynd 20:	Múli. Breiðsla sumarið 2013 vestan vegslóða áberandi vorið eftir.	13
Mynd 21:	Múli. Sama svæði og til hliðar. Ábórið 4 sinnum, skán og smáplöntur náð ágætri þekju.	13
Mynd 22:	Múli. Neðri svæðin víða orðin sultarleg.....	14
Mynd 23:	Svínabúðarlækur (Brú). Svæðið handan lækjar á misjöfnu stigi, 1-4 breiðslur. Knýjandi þörf. Ábórið 2014, svo frestað um óákv. tíma.....	14

Mynd 24: Grunnvatnsalda. Sjá má áburðaráhrif frá síðasta árs breiðslu. Haldið áfram inneftir 2014.....	14
Mynd 25: Undir Skollagrenisás. Sléttan hægra megin áborin í 4 sinn 2014.....	14
Mynd 26: Skriða utan við Þverá. Uppgræðsla gengur eftir atvikum vel. Dugnaður í unglingum að koma áburð efst í brattann.	15
Mynd 27: Efri dalur. Árangur af starfi handdreifingar nú og undanfarinna ára.....	15
Mynd 28: Skænudalur. Árangur mætti vera betri, skammtar eru lágir. Nýtt svæði á eitthvað í land að ná gróðurþekju þess eldra (hægra megin á mynd).....	15
Mynd 29: Víðikræða í Skænudal	15
Mynd 30: Inn af Skænudal (við víðitorfur). Landið þarna tekur vel við áburði og sumpart fjölbreytt vist að taka við sér.	15
Mynd 31: Skænudalur. Grös, starir og blómplöntur að sjóta rótum í skán.	15
Mynd 32: Hallarfjall. Árangur almennt þokkalegur og að vonum m.v. aðstæður. Mikil auðn á fjallinu. Eins árs breiðslurönd í baksýn.	16
Mynd 33: Laugavalladalur. Áhrif áburðargjafar vel sýnileg, jafnvel á þokukennndri myndinni.	16
Mynd 34: Brú. Séð yfir í girðingu. Ekki varð komist á svæðið fyrir bleytu.Stefnt þangað með áburð næsta ár.....	16
Mynd 35: Brú. Við Dysjar. Svæðið fékk áburð en úr fjarlægð er ekki merkja mikinn árangur þarna.	16
Mynd 36: Grunnvatnsalda. Mikilvægt að hraða tíðni þarna eins og hægt er. Mikið flæmi sem mikið ber á í starfi stjórðsins.	16
Mynd 37: Gildran (norðan Ánavatns). Tekið af áborna svæðinu, mikið bitið en einhver sina eftir.	16
Mynd 38: Gildrusvæðið. Óáborið þetta árið.	17
Mynd 39: Gildrusvæðið. Áborið sumarið 2014.	17
Mynd 40: Undir Skollagrenisás. Mjög góður árangur varð af breiðslu þetta árið og svæðin farin að taka vel við sér.	17
Mynd 41: Undir Skollagrenisás. Skán og starir. Á svæðinu milli vega hefur víða tekist vel til en töluverð beit er á svæðinu.....	17
Mynd 42: Galtastaðeyri (innri). Beringspunturinn sultarlegur.	18
Mynd 43: Galtastaðeyrir (innri). Gróskumikill melur í fjarska. Ákveðið að sleppa breiðslu á hann a.m.k. þetta sumarið.....	18
Mynd 44: Galtastaðeyri (innri). Gróskumikill melur yst á svæðinu.	18
Mynd 45: Galtastaðeyri (innri). Beringspunturinn gefur eftir. Aðrar tegundir stinga sér inn í staðinn.	18
Mynd 46: Galtastaðeyrir (innri). Ummerki um flóð sérstaklega á jöðrum svæðinu.	18
Mynd 47: Galtastaðeyri (innri). Jaðrar víða undir talsverðu álagi flóðavatns og sandfoks. ..	18
Mynd 48: Galtastaðeyri. 2 ára breiðsla. Fær frí þetta sumarið en svæðið stækkað í ljósi mjög góðs árangurs.....	19
Mynd 49: Galtastaðeyri. Þetta svæði verður breitt í sumar.	19
Mynd 50: Galtastaðeyri. Friðunin og áburðargjöf skilar fjölbreyttri flóru.....	19
Mynd 51: Galtastaðeyri. Sjálfsáinn víðir sprettur vel í rakari lænum. Gæsabeit stöðva hann ekki þar.	19
Mynd 52: Galtastaðeyri. 2 ára breiðsla, örvar m.a. víði. Beitarfriðun. Mjög góður árangur. 19	
Mynd 53: Galtastaðeyri. Áburðarbreyðsla fjær. Vistkerfin njóta breiðslunnar.	19
Mynd 54: Hólmatunga. Árangur almennt misjafn. Á stórum svæðum virðist lítið gerast. Talsvert beitarálag er á svæðinu.....	20

Mynd 55: Hólmátunga. Dæmigerðar tegundir, mosar áberandi.....	20
Mynd 56: Hólmátunga. Vatnsmæliholi (fyrirverandi), áin ágeng við bakkann.	20
Mynd 57: Hólmátunga. Árangur þokkalegur sumstaðar, sérstaklega á rakari stöðunum.	20
Mynd 58: Galtastaðaeýri. Friðað land, uppgræðsla gengur mjög vel á þessum slóðum.....	20
Mynd 59: Galtastaðaeýri. Fjölbreyttur gróður að festa sig í sessi. Hér er sjálfsáður víðir í uppgræðslu.	20
Mynd 60: Galtastaðaeýri. Ábórið í fyrsta sinn í sumar.	21
Mynd 61: Galtastaðaeýri. Þekja eftir eins árs breiðslu. Myndin á sama stað og sú til hliðar. .	21
Mynd 62: Galtastaðaeýri. Hluti af eldri uppgræðslu. 2 áburðarbreiðslur.	21
Mynd 63: Gróðurþekja. Myndin tekin á sama stað og sú hér til hliðar.....	21
Mynd 64: Galtastaðaeýri (innri). Búið að breiða 4-5 sinnum á þessu svæði.	21
Mynd 65: Dæmigerð gróðurþekja á svipuðum slóðum og myndin hér til hliðar.....	21
Mynd 66: Galtastaðaeýri (innri). Yfirlitsmynd. Beringspunktur var gróskumikill en hefur gefið eftir undanfarið. Sumstaðar hafa aðrar tegundir náð nokkurri fótfestu í staðinn. Borið var á jaðra á svæðinu sem virðast undir mestu álagi, ekki síst vegna flóðavatns.	22
Mynd 67: Galtastaðaeýri (innri). Melur sterkur á hluta svæðisins. Engin breiðsla þar sumarið 2014.....	22
Mynd 68: Arnór á Hvanná.	28
Mynd 69: Uppgræðslur skoðaðar og myndaðar.....	28
Mynd 70: Móttaka á styrk frá Alcoa.	29
Mynd 71: Hópmynd af þátttakendum í ferðinni við Sænautasel.	29
Mynd 72: Guðrún Schmidt lýsir uppgræðslusvæðum.....	29
Mynd 73: ...og hlustendur.	29
Mynd 74: Magnús og Dagmar (Alcoa) klakklaust úr kláfi komu.	30

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Rúnari Inga Hjartarsyni sem einnig tók saman efni skýrslunnar.

1 Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar með það að aðalmarkmiði að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Háslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hættu á uppfoki á áreyrum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapaðist um 32 km² af grónu landi undir Háslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt eða ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulega framvindu gróðurs á svæðinu. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati og verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á. Unglingavinnuflokkar Landsvirkjunar hafa og komið að dreifingu áburðar og fræs, aðallega í rofabörð þar sem vélar komast illa að.

2 Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2014


Samtals hefur verið unnið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs frá 2003. Á þessum árum hafa verið teknir undir 5.625 Ha lands til uppgræðslu. Mikið af því hefur verið farið oft um og jafnvel árvisst um einhverra ára bil en annað þurft (eða fengið) minni stuðning. Yfirleitt er árangur ágætlega áberandi og oft mjög góður. Einnig eru dæmi um svæði þar sem uppgræðsla hefur ekki tekist sem skyldi enn sem komið er. Á það helst við um áreyrnar neðan til í Jökulsá á Dal en flóð í ánni gera uppgræðslu erfiða. Uppgræðslusvæðin eru því mislangt á veg komin í gróðurframvindu.

Tafla 1: Taflan sýnir umfang svæða alls sem sjóðurinn hefur framkvæmt á til 2014


Svæði	ha
Heiði	4.616
Áreyrar	507
Bændadreifing	502
Samtals	5.625

Í töflu 1 eru tíundaðar helstu stærðir svæða sem farið hefur verið í. Unglingadreifing er innifalin í tölunum þar sem hún á við enda að jafnaði mjög afmarkaðir og brotnir skikar sem þeir sinna. Bændasvæðin eru þau svæði sem einstaka bændur hafa fengið framlög til að sinna á sínum jörðum úr sjóðnum. Heiðin er Jökuldalsheiði, Brúaröræfi, og svæði sem sjóðurinn hefur haft forgöngu um að græða.

Á myndum 1 og 2 má sjá magnið af áburði annars vegar og fræi hins vegar sem sjóðurinn hefur breitt ár hvert frá upphafi.



Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin hafa verið á á vegum sjóðsins.



Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.

3 Framkvæmdir árið 2014

Uppgræðsluframkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs héldu áfram á árinu 2014 með dreifingu á tilbúnum áburði og sáningu á grasfræi á rofsvæðum uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Dal. Alls var dreift 110,4 tonnum af áburði á um 660 hektara lands og auk þess handdreift 500 kg af túnvingulsfræi. Áburðartegundin sem var notuð var Fjölmóði 2 23-12 frá Fóðurlöndunni. Þetta er nálægt um 8% aukning í tonnum talið frá árinu á undan.

Verktakarnir sem unnu við uppgræðsluframkvæmdir Landbótasjóðs N-Héraðs voru Viggó Már Eiríksson sem sá um áburðardreifingu á áreyrum norðan megin við Jöklu, Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason og Jón Björgvin Vernharðsson sem skiptu með sér áburðardreifingu á heiðinni. Jón Björgvin dreifði einnig áburði austan megin á áreyrum Jöklu. Sigurður Jónsson sá um flutninginn á áburðinum. Vegna árferðis fór breiðslan fram nokkru síðar en undanfarin ár. Unnið var að uppgræðslu á heiðinni í fyrstu viku júlí (4.7 - 7.7). Á áreyrum við Galtastaði 3. júlí og Hólmatungu í júnílok.

Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar vann eins og á árunum á undan að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs. Sú vinna hófst þann 7. júlí og lauk þann 24. júlí. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og unglingarnir skiptust eitthvað út hverja viku. Vinna þeirra er mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.

Bændur/landeigendur sáu í mörgum tilvikum sjálfir um það sem þeim var úthlutað undir liðnum „Framlög til bænda“. Mismunandi var hvenær svæði þeirra opnuðust. Í sumum tilfellum ekki fyrr en í júlílok.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau svæði sem breidd voru og magn áburðar og fræs á hverjum stað fyrir sig. Einnig er vísað til korta af svæðinu.

Tafla 2: Yfirlit svæða sem áborin voru sumarið 2014.

Skýring	Ha	Tonn áb.	Kg/ha	Sekkir *)
Hrafnkelsdalur	14	2,4	171	4
Skænudalur	36	5,4	150	9
Faxahús	51	10,2	200	17
Hallarfjall	33	3	91	5
Laugavellir	26	5,4	208	9
Múli	51	6	118	10
Brú	77	12,6	164	21
Grunnavatnsalda	64	10,2	159	17
Gildra	38	6	158	10
Sænautasel		0,6		1
Botnahraun / Skollagrenisás	82	15	183	25
Toddastykki	18	4,2	233	7
Hólmátunga	34	4,8	141	8
Galtastaðir	44	7,2	164	12
Ketilsstaðir	13	1,8	138	3
Teigasel	7	1,8	257	3
Hnefilsdalur	18	2,4	133	4
Mælivellir	20	2,4	120	4
Merki	11	2,4	218	4
Hákonarstaðir	16	2,4	150	4
Eiríksstaðir	21	2,4	114	4
Handdreifing (Arnór)		5,4		9
Þríhyrningsvatn		0,6		1
	656	110,4		184

*) 600 kg sekkir

3.1 Landgræðsluaðgerðir á heiðinni

Á heiði var breitt 82,6 tonnum af áburði á a.m.k. 472 ha lands. Þar af var 76,8 tonnum véldreift af verktökum (472 ha) en unglingar frá vinnuflokki Landsvirkjunar handdreifðu 5,4 tonnum í skriður og rofabörð og 600 kg var dreift í rofsvæði við Þríhyrningsvatn. Auk þess sáði unglingahópurinn 500 Kg af húðuðum túnvingli með áburðardreifingunni.

3.1.1 Hrafnkelsdalur

Í Hrafnkelsdal var breitt um 15 ha svæði á milli Vaðbrekku og Aðalbóls, í framhaldi og innan við framkvæmdir frá því í fyrra. Að mestu leiti var dreift með vélum, 2,4 tonn af áburði en auk þess um 600 kg handdreift í rofabörð.

3.1.2 Skænudalur

Breitt var á 36 ha svæði í Skænudal með vélum, á svæði sem fékk í fyrsta sinn áburð í fyrra og mikilvægt að fylgja eftir. Einnig var breitt á blett með nokkrum víðikræðum vonast er til að styrkist og dreifist frekar. Á þetta fóru 5,4 tonn af áburði. Auk þess var handdreift um 600 kg auk fræs í rofabörð niðu með á á móts við Þórisstöðum.

3.1.3 Faxahús

Svæðið fékk ekki áburð í fyrra en nú var breitt þar á 51 ha með 10,2 tonnum áburðar. Áherslan var á miðbik svæðisins, utan við Faxagil.

3.1.4 Hallarfjall

Sama svæði var breitt þetta árið og byrjað var á í fyrra, um 33 ha og 3 tonn áburðar notuð.

3.1.5 Laugarvalladalur

Breitt var 26 ha sömu slóðum og undanfarin ár, svæðið teygir sig út undir mynni Versturdals. Að þessu sinni fóru 5,4 tonn af áburði á svæðið.

3.1.6 Múli

Nokkru meiri áburður var breiddur á Múla en í fyrra eða 6 tonn og farið yfir 51 ha lands. Að hluta til var farið á sama svæði og í fyrra en áherslan meiri innar og neðan vegslóða.

3.1.7 Brú

Breitt var á 77 ha í landi Brúar. Vegna vætu varð ekki komist á svæðin inn undir Grænöxl sem áætlanir gerðu ráð fyrir svo valið var að breiða svæði í grennd við Dysjar sem ekki hafði fengið áburð í nokkur ár. Eins var haldið áfram inn við Svínabúðalæk með þau verkefni sem þar voru hafin. Handdreift var um 300 kg af áburði við Þverárvatn og skriðan utan við Þverá fékk 600 kg.

3.1.8 Grunnavatnsalda

Haldið var áfram að þessu sinni með breiðslu þar sem frá var horfið í fyrra og 64 ha svæði sunnan við breiðslu fyrra árs breitt með 10,2 tonnum áburðar. Svæðið er allt norðan við vegslóða að þessu sinni. Auk þess voru 400 kg handbreidd austan vegar við Grunnavatnslæk og 200 kg fóru í vegrás við Netsel.

3.1.9 Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)

Að venju var borið á gildrusvæðið (norður af Ánavatni. Nú fóru á það 6 tonn á 38 ha lands. Þetta árið var það austari hluti svæðisins sem fékk áburðinn, þ.e. næst Botnalæk, að Skipatjörn. Á svæðinu var einnig handdreift 600 kg af áburði með fræi. Auk þess fékk Sænautasel 600 kg.

3.1.10 Botnahraun / Skollagrenisás

Á svæðið fór 15 tonn af áburði á 82 ha. Lítil hluti þess fór á svæðin sunnan við gamla þjóðveg, undir Lönguhlíð. Svæðið er áberandi frá vegi og hafði ekki fengið áburð um nokkurra ára skeið. Mestur hluti fór þó á flatir NA í og við Skollagrenisás og teygir svæðið sig norður fyrir þjóðveg. Nokkur hluti áburðar var nýttur á s.k. Toddastykki, norðan Skollagrenisáss. Á svæðinu var auk þess handbreidd 1.800 kg af áburði með tilheyrandi fræi, aðallega í Lönguhlíð og Botnahrauni.

3.2 Landgræðsluaðgerðir á áreyrum

Á áreyrar var breitt á um 78 ha lands og notuð 12 tonn af áburði, í meginatriðum á 3 svæði sín hvoru megin árinna.

3.2.1 Hólmatunga

Á Hólmatungu voru breiddir 34 ha með 4,8 tonnum af áburði, sömu slóðir og undanfarin ár.

3.2.2 Galtastaðir

Tvær eyrar utan og innan við Galtastaði voru breiddar að hluta. Alls voru þarna breiddir 44 ha með 7,2 tonnum áburðar sem er nokkur aukning frá því í fyrra. Á innri eyrinni var áhersla að


styrkja þaðar uppgræðslunnar sem unnið hafði verið að undanfarin ár. Á ytri eyrinni var svæðið stækkað til í átt til árinna.

3.3 Framlag til bænda


Nokkrir einstaklingar hafa fengið úthlutað úr sjóðnum til að sinna svæðum í sínu nánasta umhverfi. Í töflu 2 er þessi úthlutun tíunduð ásamt öðru. Alls eru þetta átta aðilar sem fá úthlutun og breiddu samtals rúmlega 100 ha til gróðurstyrkingar. Að mestu unnið með vélum en í tilfelli Þríhyrningsvatns er um handdreifingu að ræða í rofabörð og opnanir.

3.4 Kort af framkvæmdum sjóðsins.


Á næstu síðum eru sýnd kort af helstu framkvæmdum sjóðsins. Á þeim má einnig lesa hvar áherslan hefur verið frá því áburðargjöf hófst á vegum verkefnisins. Litirnir gefa til kynna hve oft hefur verið farið yfir hvern 10*10m reit og þar með vísbending um hve mikla meðferð reiturinn hefur fengið.




Mynd 3: Kort af syðstu svæðunum.




Mynd 4: Brú og nágrenni.



Mynd 5: Grunnvatnsalda og nágrenni.



Mynd 6: "Svæði milli vega".



Mynd 7: Áreyrar Jöklu

4 Árangursmat - skipulagning aðgerða

Ráðgjafanefnd kom saman nokkrum sinnum á árinu 2014. Í henni sitja Baldur Grétarsson Fljótsdalshérað, Dagbjartur Jónsson Landsvirkjun og Rúnar Ingi Hjartarson Landgræðslunni. Í byrjun árs vegna áætlunar sumarsins. Hún er stjórn til ráðgjafar vegna tilboða í áburð. Á vorin er farið um svæðin og lögð lokahönd á útfærslu breiðslu sumarsins, verktökum fylgt að verki. Að hausti er árangur sumarsins metin og lögð drög að næstu skrefum.

4.1 Heiðin

Heilt yfir var árangur af áburðargjöf sumarsins nokkuð góður þetta sumarið þrátt fyrir að seint hafi verið farið í breiðslu, í júlíbyrjun. Árangurinn virtist vera betri þetta sumarið en árið á undan þrátt fyrir að breitt hafi verið um svipað leiti og árið á undan. Að líkindum má þakka það mun betri vatnsbúskap í jörðu allt sumarið 2014 en oft áður. Fleiri þættir eru þó ekki útilokaðir, eða samspil þeirra, s.s. áburður, hitastig o.fl. Einnig er líklegt að aukinna áhrifa af breiðslu frá fyrra ári hafi mögulega gætt í einhverjum tilfellum sumarið 2014 þar sem áburður 2013 virtist hafa nýst ver en oft áður. Þar sem dreift var með höndum var víðast hvar þökkalegur árangur en rofabörðin sem átt er við eru misjöfn og sum hver mjög erfið í uppgræðslu.

4.1.1 Vorskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 27.6.14 (Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Veturinn var snjóþungur víðast hvar á svæðinu en vorið gott og leysingar gengu hratt fyrir sig. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 8: Skriða utan þverár í umsjón unglingahóps.



Mynd 9: Rofabörð á Efri-dal í umsjón unglingahóps.



Mynd 10: Skænudalur. Búið að breiða 4 sinnum.



Mynd 11: Skænudalu. Búið að breiða 1 sinni.



Mynd 12: Skænudalur. Sami staður og síðasta mynd.



Mynd 13: Skænudalur. Víðikræður í umönnun. Ljósm.



Mynd 14: Faxasvæðið. Víða komið vel af stað.



Mynd 15: Laugarvalladalur við laug. Ekkert gert þarna undanfarin ár.



Mynd 16: Laugarvalladalur við mynni Vesturdals. Núverandi uppgræðslusvæði.



Mynd 17: Laugarvalladalur nærmynd. Svæðið sandorpið með meltorfum og gisnum víði.



Mynd 18: Múli. Víða góður árangur af unglingastarfi.



Mynd 19: Múli. Eitthvað þó óunnið en hálfnað þá hafið er...



Mynd 20: Múli. Breiðsla sumarið 2013 vestan vegslóða áberandi vorið eftir.



Mynd 21: Múli. Sama svæði og til hliðar. Áborið 4 sinnum, skán og smáplöntur náð ágætri þekju.



Mynd 22: Múli. Neðri svæðin víða orðin sultarleg.



Mynd 23: Svínabúðarlækur (Brú). Svæðið handan lækjar á misjöfnu stigi, 1-4 breiðslur. Knýjandi þörf. Ábórið 2014, svo frestað um óákv. tíma.



Mynd 24: Grunnavatnsalda. Sjá má áburðaráhrif frá síðasta árs breiðslu. Haldið áfram inneftir 2014.



Mynd 25: Undir Skollagrenisás. Sléttan hægra megin áborin í 4 sinn 2014.

4.1.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 9.10.14 (Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Heiðin kom seint undan snjó um vorið en hitar voru ágætir og vatnsbúskapur líklega með besta móti um sumarið. Auk þess var haustið áfallalítið og teygðist úr vaxtatíma gróðurs fram á haustið. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 26: Skriða utan við Þverá. Uppgræðsla gengur eftir atvikum vel. Dugnaður í unglingum að koma áburð efst í brattann.



Mynd 27: Efri dalur. Árangur af starfi handdreifingar nú og undanfarinna ára.



Mynd 28: Skænudalur. Árangur mætti vera betri, skammtar eru lágir. Nýtt svæði á eitthvað í land að ná gróðurþekju þess eldra (hægra megin á mynd)



Mynd 29: Víðikræða í Skænudal



Mynd 30: Inn af Skænudal (við víðitorfur). Landið þarna tekur vel við áburði og sumpart fjölbreytt vist að taka við sér.



Mynd 31: Skænudalur. Grös, starir og blómplöntur að sjóta rótum í skán.



Mynd 32: Hallarfjall. Árangur almennt þokkalegur og að vonum m.v. aðstæður. Mikil auðn á fjallinu. Eins árs breiðslurönd í baksýn.



Mynd 33: Laugavalladalur. Áhrif áburðargjafar vel sýnileg, jafnvel á þokukennndri myndinni.



Mynd 34: Brú. Séð yfir í girðingu. Ekki varð komist á svæðið fyrir bleytu. Stefnt þangað með áburð næsta ár.



Mynd 35: Brú. Við Dysjar. Svæðið fékk áburð en úr fjarlægð er ekki merkja mikinn árangur þarna.



Mynd 36: Grunnavatnsalda. Mikilvægt að hraða tíðni þarna eins og hægt er. Mikið flæmi sem mikið ber á í starfi stjóðsins.



Mynd 37: Gildran (norðan Ánavatns). Tekið af áborna svæðinu, mikið bitið en einhver sína eftir.



Mynd 38: Gildrusvæðið. Óáborið þetta árið.



Mynd 39: Gildrusvæðið. Áborið sumarið 2014.



Mynd 40: Undir Skollagrenisás. Mjög góður árangur varð af breiðslu þetta árið og svæðin farin að taka vel við sér.



Mynd 41: Undir Skollagrenisás. Skán og starir. Á svæðinu milli vega hefur víða tekist vel til en töluverð beit er á svæðinu.

4.2 Áreyrar

Árangur á áreyrunum var víða mjög góður í sumar, þ.e. á þeim hlutum sem eru friðaðir fyrir búfjárbreit. Þar sem er meira beitarálag á gróður erfiðara að festa sig í sessi. Flóð í Jöklu og foksandur höfðu óveruleg áhrif á uppgræðslur, a.m.k. mun minni en stundum áður. Sumarið skilaði þokkalegum hlýindum og reglulegri úrkomu sem er mikilvægt auðnum sem hafa litla vatnsheldni. Ummerki um beit, ekki síst gæsabeit, eru víða.

4.2.1 Varskoðun

Skoðunarferð var farin um áreyrar 28.6.14 (Baldur og Rúnar Ingi). Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 42: Galtastaðaeypri (innri). Beringspunturinn sultarlegur.



Mynd 43: Galtastaðaeypir (innri). Gróskumikill melur í fjarska. Ákveðið að sleppa breiðslu á hann a.m.k. þetta sumarið.



Mynd 44: Galtastaðaeypri (innri). Gróskumikill melur yst á svæðinu.



Mynd 45: Galtastaðaeypri (innri). Beringspunturinn gefur eftir. Aðrar tegundir stinga sér inn í staðinn.



Mynd 46: Galtastaðaeypir (innri). Ummerki um flóð sérstaklega á jöðrum svæðinu.



Mynd 47: Galtastaðaeypri (innri). Jaðrar víða undir talsverðu álagi flóðavatns og sandfoks.



Mynd 48: Galtastaðaeypri. 2 ára breiðsla. Fær frí þetta sumarið en svæðið stækkað í ljósi mjög góðs árangurs.



Mynd 49: Galtastaðaeypri. Þetta svæði verður breitt í sumar.



Mynd 50: Galtastaðaeypri. Friðunin og áburðargjöf skilar fjölbreyttri flóru.



Mynd 51: Galtastaðaeypri. Sjálfsáinn víðir sprettur vel í rakari lænum. Gæsabeit stöðva hann ekki þar.



Mynd 52: Galtastaðaeypri. 2 ára breiðsla, örvar m.a. víði. Beitarfriðun. Mjög góður árangur.



Mynd 53: Galtastaðaeypri. Áburðarbreiðsla fjær. Vistkerfin njóta breiðslunnar.

4.2.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 9.10.14 (Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 54: Hólmatunga. Árangur almennt misjafn. Á stórum svæðum virðist lítið gerast. Talsvert beitarálag er á svæðinu.



Mynd 55: Hólmatunga. Dæmigerðar tegundir, mosar áberandi.



Mynd 56: Hólmatunga. Vatnsmæliholi (fyrirverandi), áin ágeng við bakkann.



Mynd 57: Hólmatunga. Árangur þokkalegur sumstaðar, sérstaklega á rakari stöðunum.



Mynd 58: Galtastaðaeypri. Friðað land, uppgræðsla gengur mjög vel á þessum slóðum.



Mynd 59: Galtastaðaeypri. Fjölbreyttur gróður að festa sig í sessi. Hér er sjálfsáður víðir í uppgræðslu.



Mynd 60: Galtastaðaeypri. Áborið í fyrsta sinn í sumar.



Mynd 61: Galtastaðaeypri. Þekja eftir eins árs breiðslu. Myndin á sama stað og sú til hliðar.



Mynd 62: Galtastaðaeypri. Hluti af eldri uppgræðslu. 2 áburðarbreiðslur.



Mynd 63: Gróðurþekja. Myndin tekin á sama stað og sú hér til hliðar.



Mynd 64: Galtastaðaeypri (innri). Búið að breiða 4-5 sinnum á þessu svæði.



Mynd 65: Dæmigerð gróðurþekja á svipuðum slóðum og myndin hér til hliðar.



Mynd 66: Galtastaðeyri (innri). Yfirlitsmynd. Beringspuntur var gróskumikill en hefur gefið eftir undanfarið. Sumstaðar hafa aðrar tegundir náð nokkurri fótfestu í staðinn. Borið var á jaðra á svæðinu sem virðast undir mestu álagi, ekki síst vegna flóðavatns.



Mynd 67: Galtastaðeyri (innri). Melur sterkur á hluta svæðisins. Engin breiðsla þar sumarið 2014.

4.3 Bændadreifing

Ekki var gerð sérstök úttekt á öðrum svæðum á árinu (bændasvæðin) en samkvæmt lauslegri athugun má segja að almennt hafi árangur verið í takt við annað og þökkalegur um allt svæðið. Í einhverjum tilfellum varð þó ekki komist á svæðin fyrir en í júlilok en vegna hagstæðs tíðarfars fram á haust var framvindan yfirleitt þökkaleg.

5 Framkvæmdaáætlun 2015

Á árinu verða keypt 140 tonn af áburði af tegundinni Völlur 27-12 sem Búvís flytur inn. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir hvernig áætlað er að ráðstafa áburðinum sumarið 2015 en auk þess er áætlað að dreifa 500 kg af fræi.

Skýring	Ha 2014	Áb. 2014 Tonn	Sekkir *)	Áætlun 2015 Tonn	Sekkir *)
Heiðasvæði					
Hrafnkelsdalur	14	2,4	4	2,4	4
Skænudalur	35	5,4	9	16,8	28
Faxahús	50	10,2	17	0	0
Glúmsstaðadalur		0		0	0
Laugavellir	26	5,4	9	6,6	11
Hallarfall	32	3	5	3	5
Múli	50	6	10	6	10
Brú innan við	40	6,6	11	7,8	13
Brú utan við	36	6	10	7,2	12
Eiríksstaðablettur				2,4	4
Grunnavatnsalda	64	10,2	17	15	25
Sænautasel - Gildra	38	6	10	6	10
Botnahraun/Langahlíð	64	10,8	18	15	25
- Toddastykki	18	4,2	7	6	10
Skjöldólfsstaðir				3,6	6
Áreyrar					
Galtastaðir	44	7,2	12	4,2	7
Hólmatunga	34	4,8	8	4,8	8
Surtsstaðaeypri				2,4	4
Hrafnabjargareypri				2,4	4
Veiðieypri				0,6	1
Bændadreifing					
Dýjafjall	13	1,8	3	1,8	3
Teigasæl	7	1,8	3	2,4	4
Mælivellir	20	2,4	4	2,4	4
Hnefilsdalur	18	2,4	4	2,4	4
Merki	11	2,4	4	2,4	4
Hákonarstaðir	15	2,4	4	2,4	4
Eiríksstaðir	21	2,4	4	2,4	4
Þríhyrningsvatn				0,6	1
Annað					
Handdreifing				4,8	8
Sænautasel		0,6	1	0,6	1
Óráðstafað				5,6	9
	634	104,4	174	140	233

*) M.v. 600 kg/sekk

6 Fundargerðir stjórnar 2014

6.1 Fundargerð 65. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 20.01.2014

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.16:15 á skrifstofu sveitarfélagsins á Egilsstöðum. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Ársreikningur Landbótasjóðs Norður Héraðs 2013:** Sigurður Álfgeir Sigurðarson endurskoðandi mætti til fundar undir þessum lið og fór yfir reikninginn með fundarmönnum. Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 293.428.876 Til ráðstöfunar á árinu 2014 eru áætlaðar 18,8 milljónir sem byggir á að raunávöxtun sjóðsins verði 2,0%. Að lokinni yfirferð var reikningurinn samþykktur. Senda þarf ársreikninginn til ríkisendurskoðunar, Landsvirkjunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, bæjarstjóra og aðal og varamanna stjórnar. Sigurði þökkuað koman og véc hann síðan af fundi.

2. **Áburðarkaup 2014:** Samþykkt að óska eftir verði í allt að 110 tonn af áburði frá áburðarsölum fyrir næsta fund sem er 29.janúar kl:15:30.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.18.30

6.2 Fundargerð 66. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 29.01.2014

Mætt voru: Sigvaldi H. Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir. Frá ráðgjafanefnd var mættur Dagbjartur Jónsson. Auk þess voru mættir sölufulltrúar áburðar, Helgi Rúnar Elísson, Baldur Grétarsson og Vignir Elvar Vignisson vegna liðar 1.

Fundur settur kl.14:00 í fundarsal sveitarfélagsins Lyngási 12. Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og kynnti sölufulltrúum að stjórn landbótasjóðs áskilur sér allan rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

1. **Áburðarkaup opnun tilboða 2014:** Borist hafa eftirfarandi tilboð frá:
Sláturfélag Suðurlands: Yara 26.4. 97,3 tonn kr.67.886 án vsk pr tonn,kr.6.605.840 án vsk. 85.197pr tonn með vsk, heildarupphæð 8.290.329 með vsk. Tilboð miðast við afgreiðslu á Reyðarfirði. Tilboð miðast við staðgreiðslu 15.maí 2014. Hægt að gera samkomulag um greiðsludreifingu

Fóðurlöndu: Fjölmóði 2. Allt að 110 tonn kr.67.176 pr tonn án vsk, Tilboð miðast við afhendingu á Reyðarfirði. Tilboð miðast við gjaldaga 1. maí 2014

Búvís : Völlur 30-5+S kr 64.880 pr tonn án vsk, 110.tonn.alls 7.136.800 án vsk. Alls með vsk kr 8.956.684

Völlur 27.12+S kr 65.850 pr tonn án vsk, 110 tonn alls 7.243.500 án vsk. Alls með vsk kr 9.090.592

Tilboðin miðast við afhendingu á Reyðarfirði. Leita má samninga varðandi greiðslur

Skeljung: Sprettur 23.12. alls 110 tonn kr.7.660.558 án vsk.9.614.000 með vsk.

Sprettur 26.13 alls 110 tonn kr 7.634.263 án vsk og 9.581.000 með vsk

Sprettur 27.6 alls 110 tonn kr 7.454.582 án vsk og 9.355.500 með vsk Tilboðin miðast við afhendingu á Reyðarfirði.

Áburðarsalar véku hér af fundi. Guðmundur Ólason kom hér til fundar.

Stjórn Landbótasjóðs, ásamt Dagbjarti fóru yfir tilboðin. Að vandlega íhuguðu máli var ákveðið að ganga til samninga við Fóðurlönduna um kaup á áburði 2014 kr 9.273.647 með

vsk alls 110 tonn miðað við afgreiðslu á Reyðarfirði. Komi fram gallar við dreifingu verði áburður bættur.

2. **Verkefni sumarsins:** Baldur Grétarsson mætti aftur til fundar Ráðgjafanefnd hefur komið saman til fundar vegna uppgræðslu sumarsins. Áætlað er að dreifa 110 tonnum af áburði þetta árið þar af um 10,8 tonn á áreyrar, 7,2 tonn á vegum sumarvinnuflokks LV og um 17 tonn í bændadreifingu.

3. **Heimsókn til Alcoa vegna styrks.** Stefnt að ferð á Reyðarfjörð nk.miðvikudag. Fleira ekki gert fundi slitið kl.16.58

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir.

6.3 Fundargerð 67. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 07.02.2014

Mætt voru frá stjórn: Sigvaldi H. Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir og Guðmundur Ólason Frá ráðgjafanefnd voru mættir Dagbjartur Jónsson, Baldur Grétarsson og Rúnar Ingi Hjartarson Lagt af stað frá Egilsstöðum á Reyðarfjörð um kl 10.

1. **Heimsókn til Alcoa vegna styrks.** Stjórn og ráðgjafanefnd Landbótasjóðs Norður Héraðs fundaði með upplýsingafulltrúa Alcoa, Dagmar Ýr Stefánsdóttir í álverinu á Reyðarfirði vegna formlegrar afhendingar styrks Alcoa foundation, einnig um fjölmiðlaáætlun verkefnisins. Stefnt er að afhendingu styrksins í lok júlí eða byrjun ágúst með viðhöfn. Athöfnin fari fram á Jökuldal og verði jafnframt minnst 10 ára afmælis sjóðsins. Formanni falið að hafa samband við Gísla Sigurgeirsson vegna kynningar á verkefninu. Að loknum fundi var borðað í álverinu og síðan farið í skoðunarferð um svæðið.

Heimkoma í Egilsstaðir um kl 16.

6.4 Fundargerð 68. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 01.04.2014

Mætt voru: Sigvaldi H. Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir og Guðmundur Ólason Fundur settur kl.13:00 að Lyngási 12. Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna.

1. **Sparisjóður Neskaupstað vaxtaálag.** Samningur Landbótasjóðs Norður Héraðs og Sparisjóðs Norðfjarðar um vörslu og ávöxtun sjóðsins er gerður var árið 2004 rann út 19.mars sl. Náðst hefur samkomulag við Sparisjóðinn um áframhaldandi samning til 5 ára sem er á sömu nótum og samningur frá 2004 með smávægilegum breytingum sem snúa að gildistíma og ávöxtun. Formanni falið að undirrita samninginn

2. **Kynning á sjóðnum.** Formaður hefur rætt við Gísla Sigurgeirsson hjá N4 og hefur hann tekið vel í að kynna sjóðinn í sumar í þættinum Glettum.

3. **Fundargerðir sjóðsins.** Samþykkt að senda fundargerðir sjóðsins til bókbindara. Fleira ekki gert fundi slitið kl.14:00

6.5 Fundargerð 69. fundar Landbótasjóðs og ráðgjafanefndar haldinn 30.06.2014. á Skjöldólfsstöðum.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs sem haldinn var 24.júní sl var kjörin ný stjórn fyrir sjóðinn til næstu fjögurra ára og er hún skipuð eftirfarandi

Aðalmenn: Sigvaldi H Ragnarsson, formaður, Á. Katrín Ásgeirsdóttir, varaformaður, L. Björn Hallur Gunnarsson, B.

Varamenn: Margrét Dögg Guðgeirsdóttir, Á. Guðrún Ragna Einarsdóttir, D. Jónas Guðmundsson, B.

Einnig var á sama fundi bæjarstjórnar samþykkt seta Baldurs Grétarssonar í ráðgjafanefnd sjóðsins sem fulltrúa sveitarfélagsins.

Mætt eru til fundar stjórn Landbótasjóðs, Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Sigvaldi setti fund kl 17:00

1. **Verkaskipting stjórnar.**

Bæjarstjórn hefur skipað Sigvalda formann og Katrínu varaformann.

Prókúra verði á hendi formanns og sinni hann einnig skilum á staðgreiðslu.

Formaður veitti móttöku á gögnum frá fráfarandi formanni til varðveislu.

2. **Kynnisferð um uppgræðslusvæði** sjóðsins vegna 10 ára uppgræðslustarfs sjóðsins og formleg móttaka á styrk frá Alcoa.

Stefnt er að ferðinni um miðjan ágúst. Formanni falið að ræða málið við upplýsingafulltrúa Alcoa. Um er að ræða boðsferð. Ákveðið að stjórnarmenn sendi gestalista á milli sín með tölvupósti.

Fráfarandi formaður hefur rætt við Gísla Sigurgeirsson frá N4 um að gera sjónvarpsumfjöllun um starf sjóðsins og móttöku styrksins en eitt af skilyrðum fyrir styrkveitingunni er að hún fái umfjöllun í fjölmiðlum. Formanni falið að fylgja málinu eftir.

3. Baldur Grétarsson frá ráðgjafanefnd mætir til fundar kl 18:00. Baldur ber þau skilaboð að Dagbjartur og Rúnar boði forföll vegna anna við störf sín.

Ráðgjafanefnd fór um uppgræðslusvæðin á Jökuldalsheiði og Hrafnkelsdal 26.júní sl. Ekki hefur tekist að fara á Jökulsáreyrar sem hafa verið að stórum hluta undir vatni.

Baldur upplýsti að skiptingu þeirra 110,4 tonna af áburði sem borin verða á þetta sumarið, 76,8 tn á Jökuldalsheiði, Brúarsvæði og Hrafnkelsdal. Jökulsáreyrar 12 tn og 16,8 tn til svonefndar bændadreifingar. Auk þessa mun unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar dreifa 4,8 tn af áburði auk 500 kg af fræi. Sú dreifing er framkvæmd á svæðum sem ekki eru véltæk.

Verktakar munu að öllum líkindum hefja áburðardreifingu fyrir sjóðinn fljótlega.

Rætt var um rúlludreifingu. Baldur gat þess að rúllur væru til á nokkrum bæjum til landbóta. Skoðað verði með að fá verktaka til að ganga frá rúllum enda komi bændur eða eigendur þeim á þau svæði sem fyrir valinu verða.

4. **Verktakar koma til fundar** kl 19:00. Mættir Sigurður Jónsson, Snæbjörn Ólason, Jón Bj. Vernharðsson og Agnar Benediktsson auk þeirra eru mættir Arnór Benediktsson sem stýrir unglingavinnuflokki Lv og Rúnar Ingi Hjartarson héraðsfulltrúi Landgræðslunnar og fulltrúi í ráðgjafanefnd. Viggó Eiríksson verktaki mætir ekki til fundar. Farið yfir málin með verktökum samhliða kvöldverði.

Fundargerð ritaði Sigvaldi H Ragnarsson - Fundi slit kl 21:00.

6.6 Fundargerð 70. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs haldinn 04.08.2014. á Skjöldólfsstöðum.

Mætt eru til fundar stjórn Landbótasjóðs, Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Sigvaldi setti fund kl 19:00

1. Áburðardreifing á Jökulsáreyrar austan ár í Hróarstungu.

Formaður upplýsti stjórnarmenn um að sá aðili sem er með samning um umrætt svæði hefði beðist undan dreifingu austan ár. Jón Björgvin Vernharðsson var fenginn til verksins.

2. Kynningarferð og formleg móttaka á styrk frá Alcoa Foundation.

Formaður í samráði við Dagmar Ýr Stefánsdóttur upplýsingarfulltrúa Alcoa hafa komið sér saman um að hin formlega afhending fari fram 14.ágúst nk.

Farið yfir skipulagningu á ferðinni. Gert er ráð fyrir að skoðaðar verði Jökulsáreyrar í Hróarstungu og þaðan stefnt á Jökuldalsheiði og Hrafnkelsdal. Keyptur verði hádegisverður á Sænautaseli og kvöldverður á Hreindýraslóðum að Skjöldólfsstöðum. Formanni falið að senda út boðsbréf til um 50 manns. Birni Halli falið að ræða við Pál Pálsson á Aðalbóli um leiðsögn í ferðinni. Óskað verði eftir því að fulltrúi úr ráðgjafanefnd segi frá uppgræðslustarfinu í ferðinni.

3. Önnur mál.

Engin mál borin upp.

Fundargerð ritaði Sigvaldi H Ragnarsson - Fundi slitið kl 20:30

7 Boðsferð stjórnar um uppgræðslusvæði

Þann 14.08.14 bauð stjórn LBNH vinum og velunnurum til ferðar um uppgræðslusvæði sín til að kynna starfið og árangur sem áunnist hefur. Meðfylgjandi er minnisblað formanns um ferðina ásamt nokkrum myndum sem Rúnar Ingi tók í ferðinni.

Minnisblað

Lagt var upp í ferðina frá Egilsstaðaflugvelli kl 9:00 þar sem flestir ferðalangar voru mættir. Haldið var norður Hróarstungu að Jökulsárbrú þar sem fleiri ferðafélagar komu um borð. Síðan var haldið sem leið lá út Hróarstungu að Galtastaðaeyrum þar sem kynnt var uppgræðsla á þessu svæði. Því næst var haldið til baka, yfir Jökulsá og út Jökulsárhlíð að Breiðumörk þar sem snúið var við. Á leiðinni voru aðgerðir á eyrunum þeim megin kynntar, m.a. Surtsstaðaeyri o.fl. Þessu næst lá leiðin upp Jökuldal að Skjöldólfsstöðum þar sem áð var og drukkið kaffi og bættust nokkrir ferðafélagar við. Stefnan var að því loknu upp á Jökuldalsheiði. Gerður var stuttur stans á eftirfarandi stöðum á Lönguhlíð, við Botnahraun, Þrívörðuhálsi og við Bjallkolluhraun þar sem greint frá starfi Landbótasjóðs.



Mynd 68: Arnór á Hvanná.



Mynd 69: Uppgræðslur skoðaðar og myndaðar.

Nú var haldið að Sænautaseli þar sem ferðalanga beið hádegisverður. Staðarhaldari Lilja Óladóttir tók á móti okkur sem og Eypór Guðmundsson fæddur og uppalinn á Sænautaseli. Eftir hádegisverð sýndi Eypór ferðalöngum gamla bæinn og sagði búskaparsögu heiðarinnar og frá lífinu þar.

Nú var komið að því að Magnús Ásmundsson forstjóri Alcoa á Ílandi afhenti Landbótasjóði styrk að upphæð 75.000 bandaríkjadollara til næstu þriggja ára. Nokkur góð orð fóru á milli Magnúsar og stjórnamanna Landbótasjóðs við þetta tilefni.



Mynd 70: Móttaka á styrk frá Alcoa.



Mynd 71: Hópmýnd af þátttakendum í ferðinni við Sænautasel.

Ferðalaginu var svo haldi áfram þar sem stansað var á Grunnavatnsöldu / Skotöldu og við Reykjará þar sem má segja að sjóðurinn hafi byrjað sína uppgræðsluvinnu árið 2003. Góður rómur var gerður meðal ferðamanna að sjá árangurinn þar sem er víða mjög góður á þessum slóðum. Ekið var því næst eftir Skógarhálsi að Kárahnjúkastíflu þar sem var gerður stuttur stans. Þessu næst var farið útaf Kárahnjúkavegi á svonefnda Fjallkollsleið í átt að Hrafnkelsdal og skoðuð uppgræðslusvæði á þessari leið m.a. Faxagilssvæði og Skænudalssvæði.



Mynd 72: Guðrún Schmidt lýsir uppgræðslusvæðum.



Mynd 73: ...og hlustendur.

Þegar í Hrafnkelsdal var komið var ekið rakið út Efra Jökuldal með áningu við Merkiskláf en þar beið Stefán Ólason bóndi í Merki eftir ferðalöngum og sagði þeim frá þessu merka samgöngutæki og ferjaði þá sem vildu yfir ána í kláfnum.

Nú lá leiðin í Skjöldólfsstaði þar sem ferðamanna beið kvöldverður. Að honum loknum yfirlit nokkrir hópinn en aðrir héldu austur til Egilsstaða þar sem ferðinni lauk kl 22:00.

Páll Pálsson á Aðalbóli, nefndur sögumaður í ferðinni sagði á sinn einstaka hátt frá staðháttum og sögum af þessu svæði. Mikill fengur var að hafa Pál með en útlit var á að hann

kæmist ekki með sökum heyanna en Björn Hallur stjórnarmaður leysti það mál og fór sjálfur í stað Páls í heyannir á Aðalbóli.

Baldur Grétarsson fulltrúi í ráðgjafanefnd, Arnór Benediktsson og Guðrún Schmidt fyrrum fulltrúar í ráðgjafanefnd voru þau sem aðallega sáu um að gera grein fyrir uppgræðslustarfinu.

Að sögðum orðum ferðalanga mátti greina mikla ánægju með ferðina og bókaði bæjarráð Fljótshálsbæjar sérstaklega um þessa ferð með þökkum fyrir hana. Bókunin var svohljóðandi



Mynd 74: Magnús og Dagmar (Alcoa) klakklaut úr kláfi komu.

„

„ 201408066 - Málefni landbótasjóðs

Gunnar fór yfir kynnisferð sem Landbótasjóður bauð til í síðustu viku þar sem farið var yfir starfssvæði sjóðsins. Ferðin var bæði upplýsandi og gagnleg, en þar var einnig afhentur formlega starfstyrkur Alcoa foundation til áframhaldandi landgræðslu á svæðinu

„Bæjarráð fagnar þeim árangri sem sýnilegur er af starfi sjóðsins og jafnframt þeim styrk sem Alcoa veitir verkefninu til næstu þriggja ára.“

Ferðin sem og starf Landbótasjóðs fékk mikla og góða fjölmiðlaumfjöllun í RÚV, Austurglugganum og Bændablaðinu en hvað mest var hún í þætti Gísla Sigurgeirssonar Glettum á N4, Gísli gerði ferðinni og starfi sjóðsins mjög góð skil í þætti sínum.

Undirbúningur og skipulag ferðarinnar var í höndum stjórnar LBNH í samvinnu við upplýsingafulltrúa Alcoa Fjarðarál og héraðsfulltrúa Landgræðslunnar á Egilsstöðum sem lagði til kort af framkvæmdum sjóðsins og önnur ferðagögn. Þátttakendur í ferð voru 26 manns en auk þess bættust 5 gestir við í kvöldverð sem ekki áttu heimangengt um daginn.

8 Ársreikningur

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2014

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2014

Efnisyfirlit	
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2014, hreinni eign hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 20. janúar 2015

Deloitte ehf.



Sigurður Álfgeir Sigurðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 6 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 16,4 millj. kr. á árinu, en ofráðstafað frá fyrra ári nam 130 þús. kr. Ráðstöfun á árinu nam 14,3 millj. kr., og óráðstafað í árslok 5,1 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2015 geti orðið u.þ.b. 23,2 milljónir króna. Í þeirri upphæð er gert ráð fyrir að önnur greiðsla styrks frá Alcoa sem fékkst árið 2014 verði notuð á árinu 2015 sbr. skýringu 4.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Brúarási, 20. janúar 2015

Í stjórn

Þjónn Hallgrím Guðmundsson
Katrín Ásgúrdóttir
Sigurði H. Ragnarsson

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2014

	Skýr.	2014	2013
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	4.713.256	4.573.487
Hreindýraarður		306.862	297.152
Framlög frá Alcoa	4	3.256.500	3.050.518
		<u>12.276.618</u>	<u>11.921.157</u>
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	9	10.459.449	16.833.208
Fjármagnstekjuskattur	9	(2.091.441)	(2.762.376)
Vaxtagjöld	9	(3.551)	0
		<u>8.364.457</u>	<u>14.070.832</u>
		<u>20.641.075</u>	<u>25.991.989</u>
 Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	10	(14.266.159)	(15.070.193)
		<u>(14.266.159)</u>	<u>(15.070.193)</u>
 Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(8.185.879)	(7.432.277)
		<u>(8.185.879)</u>	<u>(7.432.277)</u>
 (Lækkun), hækkun á hreinni eign á árinu	6	(1.810.963)	3.489.519
Hrein eign frá fyrra ári		<u>293.428.876</u>	<u>289.939.357</u>
Hrein eign í árslok	6	<u>291.617.913</u>	<u>293.428.876</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	26.182.997	34.368.876
		<u>26.182.997</u>	<u>34.368.876</u>
Kröfur			
Virðisaukaskattur		93.386	0
		<u>93.386</u>	<u>0</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	5	265.348.176	259.060.594
		<u>265.348.176</u>	<u>259.060.594</u>
		<u>291.624.559</u>	<u>293.429.470</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur launakostnaður		6.646	594
		<u>6.646</u>	<u>594</u>
Hrein eign		<u>291.617.913</u>	<u>293.428.876</u>
Hrein eign			
Óráðstöfuð, (ofráðstöfuð) heimild til úthlutunar	6	5.075.783	(130.377)
Framlag Alcoa til ráðstöfunar á næsta ári		3.156.500	3.050.518
Til ráðstöfunar síðar	6	283.385.630	290.508.735
Hrein eign samtals		<u>291.617.913</u>	<u>293.428.876</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	8.713.256	8.573.487
Aðrar innborgaðar tekjur	6	3.563.362	3.347.670
Innborgaðir vextir	9	8.368.008	14.070.832
		<u>20.644.626</u>	<u>25.991.989</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(14.353.493)	(15.119.069)
Vaxtagjöld	9	(3.551)	0
		<u>(14.357.044)</u>	<u>(15.119.069)</u>
Hækkun á handbæru fé			
Handbært fé í ársbyrjun		6.287.582	10.872.920
		<u>259.060.594</u>	<u>248.187.674</u>
Handbært fé í lok árs		<u>265.348.176</u>	<u>259.060.594</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var fjáls til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi við Norður-Hérað nema alls kr. 200.000.000, og skulu þau greidd á 15 árum. Framlögin eru verðtryggt með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 188.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2014	2013
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	188.000.000	184.000.000
Verðbætur við greiðshur.....	36.984.149	32.270.893
Greitt alls.....	224.984.149	216.270.893
Framlög til og með árinu 2017.....	14.182.997	16.000.000
Áfallnar verðbætur í árslok.....	12.000.000	18.368.876
Óhafin framlög samtals.....	26.182.997	34.368.876
	<u>251.167.146</u>	<u>250.639.769</u>

Skýringar og sundurliðanir

4. Framlög frá Alcoa

Landbótasjóður sótti um styrk til Alcoa Foundation. Styrkur hefur fengist til þriggja ára upp á USD 75.000 og greiðist jafnt yfir tímann, þ.e. USD 25.000 pr. ár. Styrkurinn er ætlaður til uppgræðshu á landi. Fyrsti hluti styrksins fékkst greiddur 2013 og var notaður 2014. Annar hluti styrksins fékkst greiddur 2014 og verður notaður 2015. Seinasti hlutinn verður greiddur 2015 og notaður 2016.

5. Handbært fé

Handbært fé er ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Norðfjarðar.

6. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2014	2013
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	290.508.735	289.924.559
Verðtrygging höfuðstóls	2.997.810	10.601.719
Laust til ráðstöfunar, 1/29 (1/30) hluti	(10.120.915)	(10.017.543)
	<u>283.385.630</u>	<u>290.508.735</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	2.920.141	14.798
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	10.120.915	10.017.543
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	5.894.024	4.610.323
Hreindýraarður	306.862	297.152
Framlag frá Alcoa vegna kynningarferðar	100.000	0
Ráðstafað á árinu	(14.266.159)	(15.070.193)
Óráðstöfuð (ofráðstöfuð) heimild í árslok	<u>5.075.783</u>	<u>(130.377)</u>
Framlög frá Alcoa	3.156.500	3.050.518
Hrein eign samtals	<u>291.617.913</u>	<u>293.428.876</u>

7. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

8. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

Skýringar og sundurliðanir

9. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2014	2013
Vextir af bankareikningi	10.459.449	16.833.208
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	(2.091.441)	(2.762.376)
Vaxtagjöld	(3.551)	0
	<u>8.364.457</u>	<u>14.070.832</u>

10. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:

Áburður og fræ	9.727.411	9.834.652
Aðkeypt vinna verktaka	2.420.602	3.255.084
Flutningskostnaður	815.612	900.688
Kynningarferð	403.340	0
Vinnulaun	620.200	456.600
Akstur	165.648	120.292
Tryggingagjald	63.881	47.172
Lífeyrissjóður	55.792	36.528
Endurhæfingarsjóður	808	594
Fundakostnaður	40.000	18.080
Bókhald og reikningsskil	366.218	400.503
Endurgreiddur virðisaukaskattur, 2008 til 2013	(413.353)	0
	<u>14.266.159</u>	<u>15.070.193</u>